

---

## Stækkun eldisstöðvar Íspórs hf. í Þorlákshöfn

### Ákvörðun um matsáætlun

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 12. júlí 2019 barst Skipulagsstofnun tillaga Eldisstöðvarinnar Íspórs hf. að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar stækkunar eldisstöðvarinnar í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfus, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Veitna.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Stækkunar eldisstöðvar Íspórs hf. í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfus. Tillaga að matsáætlun. EFLA verkfræðistofa, maí 2019.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfus með bréfi dags. 28. ágúst 2019
- Fiskistofu með bréfi dags. 16. ágúst 2019
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 14. ágúst 2019
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 16. ágúst 2019
- Matvælastofnun með bréfi dags. 9. ágúst 2019
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvubréfi dags. 6. ágúst 2019
- Orkustofnun með bréfi dags. 22. ágúst 2019
- Samgöngustofu með bréfi dags. 13. ágúst 2019
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. júlí 2019
- Veitum með bréfi dags. 17. júlí 2015

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 10. september 2019.

#### 3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

##### Framleiðsla

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að áformað sé að auka framleiðslu eldisstöðvar Íspórs hf. í Þorlákshöfn úr 600 í 1800 tonn af laxaseiðum og regnbogasilungsseiðum.

Umhverfisstofnun telur að koma þurfi fram í frummatsskýrslu hvaða hlutfall af laxaseiðum og regnbogaseiðum rekstraraðili hyggist ala í stöðinni.



Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir ákveðnu föstu hlutfalli eldistegunda í stöðinni, markaðsaðstæður á hverjum tíma muni ráða og hlutfall eldistegunda skipti ekki höfuðmáli fyrir mat á umhverfisáhrifum.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir tegundum eldisfisks sem ráðgert er að ala í stöðinni og fjalla um hvaða þættir muni ráða magni hvernar tegundar á hverjum tíma.

### **Vatnspörf**

#### *Heitt vatn*

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að aukin notkun á heitu vatni þurfi að ákveðast í samráði við bæjaryfirvöld og Veitur en gert sé ráð fyrir að hún aukist úr kringum 9 l/s í um 15 l/s.

Veitur benda á að samkvæmt notkunartölum Veitna hefur notkun við hámarksálag verið 12-14 l/s. Ef hlutfallsleg aukning verði eins og gert sé ráð fyrir í tillögunni megi áætla að við hámarksálag verði notkunin rúmlega 23 l/s sem samsvari um 47% af núverandi heildar heitavatnsnotkun Þorlákshafnar. Því þurfi að endurskoða heildar heitavatnspörf Íspórs.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Íspór muni ekki einhliða ákveða aukna notkun á heitu vatni frá Veitum. Framkvæmdir hafi staðið yfir á Bakka er miði að því að auka framboð af heitu vatni og verði að koma í ljós eftir framkvæmdirnar hversu mikið af heitu vatni hægt verði að semja um við Veitur. Meðalnotkun verði þó aldrei 23 l/s í því samhengi.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áætlaðri þörf á heitu vatni, framboði og stöðu samninga við Veitur um kaup á heitu vatni.

#### *Leyfi*

Orkustofnun bendir á, vegna umfjöllunar á bls. 7 og bls. 25 þess efnis að í nýtingarleyfi hafi verið kveðið á um að tilgreint nýtingarmagn sé undanþegið mati á umhverfisáhrifum, að það sé ekki rétt. Vísar stofnunin til þess sem segir í tilgreindu leyfi þess efnis að boranir vegna grunnvatns samkvæmt leyfinu séu ekki matsskyldar en eftir atvikum vinnsla grunnvatns og vatnsleiðslur utan þéttbýlis. Því er óskað eftir að umræddum texta verði breytt.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að orðalag tilvísar texta verði endurskoðað í frummatsskýrslu til samræmis við orðalag í nýtingarleyfi.

Sveitarfélagið Ölfuss ítrekar mikilvægi rannsókna á vatnstöku sem byggja muni á niðurstöðum verkfræðistofunnar Vatnaskil.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mat á áhrifum á grunnvatn komi til með að byggja á vinnu Vatnaskila.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir rannsóknum verkfræðistofunnar Vatnaskil á grunnvatni sem mat á áhrifum af vatnstöku muni byggjast á.

### **Varnir gegn því að fiskur sleppi í sjó**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að stálist varni fiski útgöngu úr eldiskörum og grófleiki hennar verði hannaður út frá stærð minnstu seiða í hverju kari en síðan sé fiskigildra í frárennsli stöðvarinnar. Öllum eldisseiðum sé dælt með sérstakri flutningslögn sem liggja frá eldisstöð Íspórs niður á höfnina í Þorlákshöfn þar sem seiðin fara um borð í brunnbáta sem séu á vegum eigenda seiðanna.

Hafrannsóknastofnun bendir á að ekki sé ljóst hvort ristar í núverandi frárennsli virki sem skyldi og er bent á mikilvægi þess að notaður sé viðurkenndur búnaður svo sem tromlusía í frárennsli ásamt reglulegu eftirliti.



Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð nánari grein fyrir vörnum gegn slyasleppingum.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir möguleikum á að fiskur sleppi af slyni úr eldisstöðinni og mögulegum áhrifum þess á villta laxa. Gera þarf skýra grein fyrir þeim búnaði sem á að koma í veg fyrir að fiskur sleppi í sjó úr stöðinni.

### **Hreinsun frárennslis og viðtaki**

#### *Hreinsun*

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að megnið af öllu fersku vatni sé hreinsað og endurnýtt með tromlusíum, lofturum og fleiru. Seti úr tromlusíum sé safnað í þrær og flutt í móttöku/eyðingu í Sorpu. Allur jarðsjór fari óhreinsaður til sjávar og ekki sjáist mikil merki þess í frárennisskurði eða á ströndinni, enda mjög brimasamt við ströndina og sjórinn öflugur viðtaki. Tvær fráveiturásir séu frá fiskeldisstöðinni.

Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram hvert hlutfall hreinsunar ferskvatns og jarðsjávar verði eftir síun úppleystra agna og fóðurleifa með m.a. tromlusíum. Stofnunin minnir á að kröfur hreinsunar eldisvatns strandeldisstöðva sé að lágmarki 20% lækkun BOD<sub>5</sub> og 50% lækkun á svifögnum skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Fjalla þurfi betur um núverandi og/eða uppsetningu nýrrar fráveiturásar við stækkunina

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Íspór áformi ekki að hreinsa jarðsjó. Varðandi ábendingu Umhverfisstofnunar um ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp bendir Íspór á að í stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands, sem Umhverfisstofnun gaf út árið 2013, kemur m.a. fram að engin krafa hefur verið gerð um hreinsun frárennslis frá fiskeldi með útrás í sjó við Suðurströnd landsins vegna þess hve góður viðtakinn sé. Í frummatsskýrslu verði fjallað nánar um hreinsun á ferskvatni sem notað er í eldinu. Íspór muni sækja um heimild til að reka útrásina á grundvelli 7. mgr. 9. gr reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig hreinsun frárennslis fullnægi reglugerð nr. 798/1999. Fjalla þarf um síunarbúnað sem áformað er að nýta til að safna úrgangi og dauðfiski og hvað gert sé við þann úrgang. Gera þarf grein fyrir legu frárennislagna og fráveiturása og hreinsun frárennslis skv. gr. 7 og 9.2 í reglugerð nr. 798/1999.

#### *Viðtaki*

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin telur mikilvægt fyrir framkvæmdaraðila að ástand viðtaka sé þekkt fyrir framkvæmdir. Bent er á að ef vatnshlot ná ekki góðu líffræðilegu ástandi gæti það mögulega lagt skyldur á herðar starfsemi á viðkomandi svæði við að upphefja þau.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að strandsjávarhlotið Dyrhólaey að Þorlákshöfn (IS103-1223-C) sé ekki talið í hættu og vegi þar mest eiginleikar vatnshlotsins (opið fyrir öldu). Íspór áformi að láta framkvæma mælingar á straumhraða í sjónum og uppsöfnun á botnseti.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir ástandi vatnshlotsins sem er viðtaki fráveitu, álagi sem það er undir, aukningu á álagi sem stækkun eldisstöðvar Íspórs hf. muni hafa og niðurstöðum mælinga á straumhraða í strandsjó og uppsöfnun á botnseti.

### **Úrgangur**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að Íspór hf. hafi gert samning við Íslenska Gámafélagið varðandi hreinsun á öllu sorpi sem fellur til í stöðinni.

Umhverfisstofnun minnir á að móttökuaðilar sýktra dýrahraja þurfi að uppfylla skilyrði við meðhöndlun þesskonar úrgangs. Fram komi að set úr tromlusíum sé safnað í þrær og að hreinsibílar komi reglulega til að tæma þrærnar og fara með setið/úrganginn í móttöku/förgun í Sorpu. Bent er



á að mikilvægt sé að gera ráðstafanir svo farið sé eftir forgangs röðun við meðhöndlun úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þar er átt við að úrgangur/seyra frá stöðinni sé sendur í endurnýtingu t.a.m. áburðargerðar eða lífgasframleiðslu ef kostur er.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram úrgangur frá stöðinni verði sendur í endurnýtingu ef kostur er.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir endurnýtingu og förgun úrgangs frá eldisstöð Íspórs hf.

### **Valkostir**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki verði lagt mat á umhverfisáhrif annarra valkosta en að auka framleiðslu úr 600 í 1800 tonn, ekki síst þar sem sjórinn er talinn öflugur viðtaki fráveituvatns frá stöðinni sem standi fyrir opnu hafi, á stórbrimasamri strönd með sterka hafstrauma.

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt sé að í matskýrslu verði fjallað um m.a. mismunandi valkosti á útfærslu fráveitu, mismunandi tækni hreinsunar á frárennsli og hönnun útrásar í viðtaka. Ef í ferli mats á umhverfisáhrifum verði aðeins einn valkostur metinn muni rekstraraðili binda kröfur starfsleyfis við forsendur þess valkosta. Umhverfisstofnun meti það sem svo að ef sótt verði um starfsleyfi, eða breytingu á starfsleyfi, sem byggji á öðrum forsendum en fjallað hafi verið um í mati á umhverfisáhrifum beri að tilkynna þá framkvæmd aftur til Skipulagsstofnunar.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ávinningur geti verið af því að fjalla um raunhæfa valkosti í mati á umhverfisáhrifum. En í huga framkvæmdaraðila sé ekki ljóst hvaða valkosti ætti að leggja fram. Ekki sé þörf á að meta mismunandi valkosti fyrir mismunandi tækni hreinsunar á frárennsli eða hönnun útrásar í viðtaka því tromlusíur séu taldar vera eini raunhæfi vélbúnaðurinn. Lausnir við endurnýtingu á fersku vatni séu tvær og megi gera ráð fyrir sambærilegum umhverfisáhrifum og því ekki talin ástæða til að meta lausnirnar sem sérstaka valkosti.

Íspór er ekki sammála mati Umhverfisstofnunar um að verið sé að binda kröfur starfsleyfis við forsendur aðalvalkosta og að tilkynna þurfi framkvæmd aftur til Skipulagsstofnunar ef sótt sé um starfsleyfi fyrir framkvæmd sem hefur í för með sér minni umhverfisáhrif.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mismunandi valkostum við hreinsun á frárennsli og hönnun útrásar í viðtaka og rökstyðja val á þeim búnaði sem nota á. Gera þarf grein fyrir lausnum við endurnýtingu á fersku vatni og bera saman umhverfisáhrif af notkun þeirra.

### **Samlegðaráhrif**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að auk eldisstöðvar Íspórs hf. sé á svæðinu matfiskstöð Náttúru fiskirækt ehf. með leyfi fyrir 1.200 t ársframleiðslu og Laxar fiskeldi ehf. með leyfi fyrir 500 t ársframleiðslu og áformi fyrirtækið aukningu upp í 2.500 t. Þá áformi Landeldi ehf. að reisa strandeldisstöð með 5.000 t ársframleiðslu. Ef öll þessi áform gangi eftir megi gera ráð fyrir að árlega verði framleidd um 10.500 t af laxfiskum á svæðinu.

Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi ítarlega um möguleg samlegðaráhrif framkvæmdarinnar við aðra starfsemi á svæðinu, sérstaklega m.t.t. álags á viðtaka og áhrif frárennslis á lífríki í fjöru.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sér ráð fyrir að farið verði í botnsets- og straummælingar til að afla gagna sem nýta megi til að fjalla um samlegðaráhrif með annarri starfsemi. Verkfræðistofan Vatnaskil hafi verið beðin um að fjalla um möguleg samlegðaráhrif á vatnstöku.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um samlegðaráhrif eldisstöðvar Íspórs hf. með öðrum fiskeldisstöðvum á svæðinu með tilliti til álags á viðtaka frárennslis, áhrifa frárennslis á lífríki í fjöru og áhrifa af vatnstöku.



## Sjónræn áhrif

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að möguleg sjónræn áhrif framkvæmdar tengist einkum mannvirkjum, ljósmengun og losun fráveituvatns í viðtaka. Mannvirki muni sjást frá aðliggjandi svæðum og sé áhrifasvæði vegna breytinga á ásynd því umfangsmeira en sem nemi beinum áhrifum. Jafnframt kunni að gæta sjónrænna áhrifa í næsta nágrenni útrása í viðtaka. Áhersla verði á áhrif á ásynd og lagt mat á umfang framkvæmdarinnar og áhrif hennar og þau borin saman við viðkvæmni svæðisins m.t.t. breytinga á ásynd.

Sveitarfélagið Ölfus bendir á þörf þess að huga að sjónrænum áhrifum og þá helst ljósmengun sem angrað geti íbúa í nálægri byggð.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði fjallað um sjónræn áhrif, þ.m.t. ljósmengun.

Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um sjónræn áhrif mannvirkja, m.a. mögulegrar ljósmengunar og hvernig eigi að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

## Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

## Leyfi

Í umsögn Matvælastofnunar er bent á að sækja þurfi til stofnuninni um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að sótt verði um þetta leyfi.

## 4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Eldisstöðvarinnar Íspórs hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir tegundum eldisfisks sem ráðgert er að ala í stöðinni og fjalla um hvaða þættir muni ráða magni hvernar tegundar á hverjum tíma.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir áætlaðri þörf á heitu vatni, framboði og stöðu samninga við Veitur um kaup á heitu vatni.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir rannsóknnum verkfræðistofunnar Vatnaskil á grunnvatni sem mat á áhrifum af vatnstöku muni byggjast á.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir möguleikum á að fiskur sleppi af slysi úr eldisstöðinni og mögulegum áhrifum þess á villta laxa. Gera þarf skýra grein fyrir þeim búnaði sem á að koma í veg fyrir að fiskur sleppi í sjó úr stöðinni.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig frárennslis fullnægi reglugerð nr. 798/1999. Fjalla þarf um síunarbúnað sem áformað er að nýta til að safna úrgangi og dauðfiski og hvað gert sé við þann úrgang. Gera þarf grein fyrir legu frárennslislagna og fráveiturása og hreinsun frárennslis skv. gr. 7 og 9.2 í reglugerð nr. 798/1999.
6. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir ástandi vatnshlotsins sem er viðtaki fráveitu, álagi sem það er undir, aukningu á álagi sem stækkun eldisstöðvar Íspórs hf. muni hafa og niðurstöðum mælinga á straumhraða í strandsjó og uppsöfnun á botnseti.
7. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir endurnýtingu og förgun úrgangs frá eldisstöð Íspórs hf.



8. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mismunandi valkostum við hreinsun á frárennslis og hönnun útrásar í viðtaka og rökstyðja val á þeim búnaði sem nota á. Gera þarf grein fyrir lausnum við endurnýtingu á fersku vatni og bera saman umhverfisáhrif af notkun þeirra.
9. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um samlegðaráhrif eldisstöðvar Íspórs hf. með öðrum fiskeldisstöðvum á svæðinu með tilliti til álags á viðtaka frárennslis, áhrifa frárennslis á lífríki í fjöru og áhrifa af vatnstöku.
10. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um sjónræn áhrif mannvirkja, losunar fráveitu í viðtaka, mögulegrar ljósmengunar og hvernig eigi að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun telur að þær athuganir/rannsóknir sem ráðist hefur verið í eða fyrirhugaðar og lagðar eru til grundvallar mati á umhverfisáhrifum á hina mismunandi umhverfisþætti þurfi eftir atvikum að fylgja frummatsskýrslu í viðauka.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 7. nóvember.

Reykjavík, 9. október 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson